

## 36. gr.

Ríkissjóður greiðir alla kennslu í sérskólum og sérdeildum ríkisins í samræmi við áætlun sem menntamálaráðuneytið samþykkir svo og önnur störf s.s. ráðgjafa, annarra sérfræðinga og annarra starfsmanna samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins, enda sé fjárheimild fyrir hendi.

## 37. gr.

Skólastjórar sérskóla ríkisins skulu gera áætlun fyrir skóla sinn um fyrirkomulag kennslu, sbr. 34. gr., fjölda námshópa, kennslustundafjölda og annan rekstrarkostnað ríkissjóðs. Áætlunina skal miða við komandi skólaár og senda fræðslustjóra fyrir 15. apríl ár hvert eða annan þann dag sem menntamálaráðuneytið ákveður.

Áætlun þessa skal endurskoða við upphaf skólaárs, ef þörf krefur.

## IX. KAFLI

**Fjármál.**

## 38. gr.

Launakostnaður við sérkennslu innan almenns grunnskóla greiðist úr ríkissjóði. Annar rekstrarkostnaður greiðist í samræmi við grunnskólalög og reglugerð um rekstrarkostnað grunnskóla eftir því sem við á.

Allur stofn- og rekstrarkostnaður sérstofnana skv. 52. gr. grunnskólalaga greiðist úr ríkissjóði þ.m.t. vistun nemenda að því leyti sem bætur almannatrygginga hrökkva ekki til.

## X. KAFLI

**Gildistaka.**

## 39. gr.

Reglugerð þessi tekur einnig til forskóla, sbr. 74. gr. laga nr. 63/1974, eftir því sem við á.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 52. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla og lögum nr. 13/1962 um heyrnleysingjaskóla, öðlast gildi frá og með 1. ágúst n.k. og gildir skólaárið 1990 til 1991. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 270/1977 um sérkennslu.

*Menntamálaráðuneytið, 24. febrúar 1990.*

**Svarar Gestsson.**

*Örlygur Geirsson.*

**REGLUGERÐ****um hækkun bóta almannatrygginga.**

## 1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. febrúar 1990 að telja um 1,5% frá því, sem þær voru í janúar 1990.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. febrúar 1990.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*